



Reykjavík, 24. mars 2025
MSS24030028

Skóla- og frístundaráð

Tillögur stýrihóps um rýningu biðlista barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar

Á fundi velferðarráðs þann 19. mars 2025 var lögð fram skýrsla, dags. 17. nóvember 2024, með tillögum stýrihóps um rýningu biðlista barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar, ásamt umsögn skóla- og frístundaráðs, dags. 13. janúar 2025 og minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasvið og velferðarsviðs, dags. 17. mars 2025, um skýrslu stýrihóps um biðlista.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi tillögu:

Velferðarráð leggur til að unnið verði út frá því verklagi sem lýst er í meðfylgjandi minnisblaði (slíkt er háð samþykki skóla- og frístundaráðs).

Tillagan var samþykkt.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Skýrsla stýrihóps um rýningu biðlista barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar, dags. 17. nóvember 2024.

Kynning á niðurstöðum og tillögum stýrihóps um rýningu biðlista barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar, lagt fram á fundi velferðarráðs 6. desember 2024.

Umsögn skóla- og frístundaráðs, dags. 13. janúar 2025.

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um skýrslu stýrihóps um biðlista, dags. 17. mars 2025.



Stýrihópur

Tillögur um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar



Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Stýrihópur um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar

Inngangur

Þessi greinargerð greinir frá tillögum um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar. Tillögurnar eru unnar af starfshópi samkvæmt erindisbréfi dags. 19. júní 2024. Hópnum var ætlað að skila tillögum fyrir miðjan nóvember 2024. Starfshóp skipa; Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, formaður, Þorvaldur Daníelsson, fulltrúi Framsóknarflokksins og Ellen Calmon, fulltrúi Samfylkingar. Starfsmaður hópsins var Hákon Sigursteinsson verkefnastjóri farsældar barna.

Hópurinn fundaði tólf sinnum. Gestir fundanna voru samtals 23 aðilar víðsvegar úr kerfinu. Sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, Helgi Grímsson og Rannveig Einarsdóttir, Guðmundur Sigmarsson, sérfræðingur hjá teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði, Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé framkvæmdastjóri Keðjunnar, Inga María Vilhjálmsdóttir og Hrefna Lára Sigurðardóttir frá Keðjunni, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, Guðrún Ásgeirsdóttir deildarstjórar barna- og fjölskyldudeildar á miðstöðvum, Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir teymisstjóri barna- og fjölskyldudeildar á Vesturmiðstöð, Ágúst Frímann Jakobsson og Svandís Egilsdóttir fagstjórar grunnskóla á Vestur- og Suðurmiðstöð, Edda Sif Gunnarsdóttir, Sigurlaug Vigdís Gestsdóttir og Yrsa Hauksdóttir Frýdal sálfræðingar á miðstöðvum, Valborg Hlín Guðlaugsdóttir fagstjóri leikskóla í Norðurmiðstöð, Linda Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Geðheilsumiðstöðvar barna, Guðlaug María Júlíusdóttir deildarstjóri á BUGL og Tinna Guðjónsdóttir frá BUGL, og talmeinafræðingarnir, Rannveig Rós Ólafsdóttir, Sigríður og Hólfríður Hreggviðsdóttir frá miðstöðvum ásamt Kristínu Theódóru Þórarinsdóttur fyrrverandi formanni félags talmeinafræðinga.

Tildrög erindisbréfs er viðvarandi langir biðlistar eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga sem stafar fyrst og fremst af greiningarvinnu.



Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leita leiða til að stytta biðtíma barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva.

Í skipunarbréfi segir að helstu viðfangsefni eða verkefni hópsins séu:

1. Hvað hafa mörg börn á biðlistanum fengið aðlagaða þjónustu eða hluta af þjónustu í skóla- og frístundastarfinu eða frá miðstöð?
 2. Hvaða þjónustu er helst óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni?
 3. Hvaða breytingar þarf að gera á fyrirkomulagi sálfræðipjónustu miðstöðva til að gera hana skilvirkari?
 4. Meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólapijónustunnar til að gera hana skilvirkari og hvernig hægt er að gera fagvinnuna heildstæðari.
 5. Hvernig fagfólk geti unnið í teyllum til að frumgreining geti tekið á öllum þáttum í einni lotu.
 6. Annað sem hópurinn telur mikilvægt að ávarpa.
-

Áður en ofangreindum spurningum er svarað og fundargerðir skoðaðar og rýndar má greina nokkur atriði sem viðmælendur tóku fram sem mikilvægan þátt í heildarvinnslu þessara mála. Mörg af þessum atriðum eru nú þegar í innleiðingu innan borgarinnar gegnum Betri borg fyrir börn (BBB), í öflugu samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Sjá til nánari upplýsinga svonefndan [Upplýsingabrunn BBB](#) sem inniheldur leiðbeiningar, verklag, ítarefni, fræðsluerindi, söguna, eyðublöð og annað sem tengist innleiðingunni. Leiðarljós innleiðingar BBB eru lágþröskuldapijónusta, notendavæn þjónusta, heildstæð þjónusta og gagnadrifin þjónusta. Allt atriði sem styðja við bæði stigskipta- og snemmtæka þjónustu, sem til lengri tíma styttir biðlista og valdeflir starfsfólkið á vettvangi barnanna, í skóla- og frístundastarfsemi borgarinnar. Atriðin sem um ræðir koma fram í liðum i. til v.

i. Aukinn stuðning við snemmtæka íhlutun og þrepaskiptan stuðning.

Núverandi áskoranir:

- Að farið sé eftir leiðbeiningum og verkferlum Betri borgar fyrir börn til þess að auka og styrkja enn frekar úrræði snemmtækra íhlutunar. Því betur og ítarlegra sem unnið er í máli barns á fyrsta stigi því meiri líkur eru á að hjálpa barninu, létta álagi á kennara, ná til foreldra með fræðslu og samhliða dregur úr eftirspurn og ásókn eftir sérfræðipjónustu á seinni stigum. Hafa þarf í huga að fleiri sálfræðinga og talmeinafræðinga vantar til vinnu í Reykjavíkurborg. Sérfræðingar nýtast best komi þeir sem fyrsta af málum barnanna þegar upp kemur vandi.





Aðgerðir:

- **Sérhæfðir málþroskahópar:** Stofna hópa í leik- og grunnskólum fyrir börn með málþroskavanda þar sem unnið er með þjálfun og örvun.
- **Stuðningur í bekkjum:** Veita kennurum verkfæri og þjálfun til að vinna með málþroska, hegðun og líðan beint í skólastofum.

ii. Fræðsla fyrir kennara um málþroska, hegðun og námsörðugleika

Núverandi áskoranir:

- Kennarar fá ekki næga þjálfun í að bera kennsl á hegðunar- og námsvandamál, sem leiðir til þess að vandamál verða flóknari áður en gripið er inn í.
- Auka þarf fagmenntun inn í leikskóla til að hægt sé að hefja meðferð, t.d. málörvun strax.
- Oft kemur í ljós að annar vandi, eins og ómeðhöndlaður málþroskavandi er til staðar, þrátt fyrir ósk um greiningu á ADHD eða einkennum einhverfu. Þetta þarf að hafa í huga

Aðgerðir:

- **Þróa fræðslupakka:** Búa til námskeið fyrir kennara sem innihalda leiðbeiningar um hvernig á að greina og vinna með hegðunar- og námsvandamál. Má leggja áherslu á efni eins og málþroska, ADHD og kvíðaraskanir.
- **Að foreldrar fái grunnfræðslu í grunnatriðum uppeldistækni** og að aldrei sé meiri bið eftir slíkum námskeiðum en ein vika (Ábyrgðaraðili er Keðjan).
- **Ráðgjafateymi innan skóla:** Hafa sérfræðinga eins og sálfræðinga og talmeinafræðinga sem veita kennurum stuðning og ráðgjöf um hvernig þeir geta beitt snemmtækum úrræðum.
- **Endurmenntunarkerfi fyrir kennara:** Innleiða reglubundna fræðslu fyrir kennara, bæði nýliða og reyndara starfsfólk, sem hluta af starfsþróun.





iii. Styrkja lausnar-teymi

Núverandi áskoranir:

- Innleiðing lausnar-teyma stendur núna yfir í allri borginni. Innleiðing í grunnskólana átti sér stað síðastliðinn vetur og þennan vetur á sér stað innleiðing í leikskóla borgarinnar ásamt eftirfylgd í grunnskólana. Innleiðing og áhrif hennar tekur tíma.
- Lausnar-teymi eru misvirk og vantar oft þátttöku sérfræðinga á grunnskólastigi. Gæta þarf að hliðvörsluhlutverkinu í lausnar-teyminum, að mál fari ekki á efri stig áður en úrræði fyrri stiga eru fullreynd. Á þessu stigi þarf að vera búið að ræða við barnið og alla aðila máls.
- Ekki er alltaf skýrt hvernig teymi vinna eða hver ber ábyrgð á málalokum.
- Beiðnir/tilvísanir eru oft rýrar og óljóst hvað búið er og hvað beðið er um.

Aðgerðir:

- **Auka aðgengi sérfræðinga:** Gera það að reglu að lausnar-teymi hafi fasta meðlimi úr sérfræðistéttum, eins og kennsluráðgjöfum, sálfræðingum og talmeinafræðingum.
- **Samræma verklag:** Innleiða staðlaða ferla fyrir lausnar-teymi, þar á meðal hvernig mál eru tekin fyrir, skráning og úrvinnsla þeirra. [Samanber verklag, ferla og eyðublöð](#) á Upplýsingabrunni BBB.
- **Fjölga teymisfundum:** Hafa reglulega teymisfundi þar sem málefni eru rædd og leyst í sameiningu. Þetta tryggir að mál séu leyst á fyrri stigum. Auka fundi lausnar-teyma á kostnað annarra funda, svo sem nemendaverndarráða.

iv. Aukin viðvera sérfræðinga í skólum

Núverandi áskoranir:

- Skólar hafa kallað eftir aukinni viðveru sérfræðinga til að geta komið fyrir að málum barna sem þurfa íhlutunar við og til að veita nemendum stuðning og styðja við kennara. Með þessu fyrirkomulagi má ætla að spornað sé við að mál þróist til verri vegar og að formlegum beiðnum um sérfræðigreiningu fækki sem á móti leiðir til þess að sálfræðingarnir hafi meira svigrúm til að sinna sálfræðipjónustu á fyrri stigum málsmeðferðar. Aukna viðveru sálfræðinga má útfæra á ýmsa vegu s.s. að hluti sálfræðinga sé í skólunum og hluti á miðstöðvunum sem sjá um greiningar.



Aðgerðir:

- **Viðvera á tilteknum dögum:** Skipuleggja fasta daga þar sem sálfræðingar og talmeinafræðingar eru í hverjum skóla til að styðja við kennara og nemendur. Hluti sálfræðinga sé með viðveru út í skólum og hluti þeirra sé á miðstöðvum að sinna greiningum.
- **Sérfræðingar sem hluti af skólasamfélaginu:** Hvetja til aukins samstarfs milli kennara og sérfræðinga með því að sérfræðingar taki reglulega þátt í kennslutímum, námskeiðum eða bekkjartengdum úrræðum.
- **Ráðningarátak:** Fjölga stöðugildum sálfræðinga og bráðnauðsynlegt er að fjölga stöðugildum talmeinafræðinga sérstaklega fyrir skólaþjónustu til að mæta eftirspurn og tryggja nærveru í öllum skólum.

v. Samræma verklag lausnar-teyma

Núverandi áskoranir:

- Mismunandi verklag milli lausnar-teyma veldur því að þjónusta er ekki alltaf í samræmi við þarfir skólanna. Lausnar-teymi eiga að vera í öllum skólum. Eins og staðan er eru börn ekki að sitja við sama borð hvað varðar þjónustu

Aðgerðir:

- **Búa til verklagsramma:** Þróa samræmdan ramma fyrir lausnar-teymi í takti við það sem búið er að leggja til gegnum BBB, þar á meðal:
 - Skilgreining á hlutverkum teymismeðlima.
 - Tímamörk fyrir vinnslu mála.
 - Ferli fyrir skráningu og úrvinnslu.
- **Þjálfun teymismeðlima:** Veita sérfræðingum og kennurum sem sitja í lausnar-teymum þjálfun í því hvernig best er að takast á við mál á skilvirkan hátt.
- **Styrkja þarf hliðvörslu og ráðgjafarhlutverk** þeirra sérfræðinga á miðstöðvum til að tryggja að mál séu ekki send til meðferðar sérfræðinga án þess að málsmeðferð og fyrirbyggjandi úrræði í skóla- og frístundastarfi séu fullnýtt.





- **Máli barna á grunnskólaaldri á ekki að vísa til meðferðar miðstöðva án umfjöllunar í nemendaverndarráði og að undangenginni meðferð lausnarþeymis (bráðatilvik eru þó undantekning).**

Hér að neðan koma greiningar og tillögur stýrihóps út frá ofangreindum sex spurningum úr erindisbréfi, byggðar á upplýsingum sem fengust gegnum fundi með ofangreindum 23 gestum fundanna.

1. Hvað hafa mörg börn á biðlistanum fengið aðlagða þjónustu eða hluta af þjónustu í skóla- og frístundastarfinu eða frá miðstöð?

Greining:

- **Ekki er til fullnaðarmat á fjölda.** Gera má ráð fyrir því að öll börn hafi fengið aðlagða þjónustu í skóla- og frístundastarfi. Öll börn sem formlega koma í þjónustu miðstöðva fá aðlagða þjónustu.

Tillögur stýrihópsins:

1. Reglulegir fundir sérfræðinga í málaskrá með stjórnendum á vettvangi miðstöðva.

2. Hvaða þjónustu er helst óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni?

Greining:

- **Algengustu beiðnirnar snúa að ADHD og einkennum einhverfu.** Flestar beiðnir eru til sálfræðinga. Oft kemur í ljós að aðrir þættir, eins og málþroskavandi eða félagslegir erfiðleikar, eru að valda einkennum sem líkjast þessum röskunum.
- **Málþroskavandi er sívaxandi vandamál.** Þetta tengist sérstaklega fjöltyngdum börnum, sem oft þurfa lengri tíma til að ná tökum á tungumálinu.
- **Stuðningsbeiðnir fyrir börn með námsörðugleika og hegðunarvanda.** Foreldrar og skólar óska oft eftir sérhæfðri ráðgjöf, vitsmunagreiningu eða öðrum greiningum og sérhæfðum stuðningi við börn sem glíma við námslega og félagslega erfiðleika.

Tillögur stýrihópsins:

1. Tilvísanir til sérfræðinga eiga aðeins að koma til hafi úrræði á þjónustuprepi 1 og 2 innan fyrsta þjónustustigsins (snemmtæk íhlutun) verið fullreynd (viðtöl við barn og foreldra) og það sé mat sálfræðings og talmeinafræðings eftir atvikum sem komið hafa að máli barns á fyrstu stigum að barnið þurfi frekari greiningar eða aðkomu sérfræðinga að öðru leyti. Tilvísanir þurfa að vera útfylltar samkvæmt leiðbeiningum





Betri borgar fyrir börn verkefnisins, þar sem fyrri úrræði eru rakin og ástæður fyrir því af hverju talið er nauðsynlegt að barn fái frekari íhlutun sérfræðinga Skólapijónustu. Loks liggja fyrir samdóma álit lausnarteymis sem unnið hefur með öllum aðilum málsins og staðfesting nemendaverndarráðs að vísa þurfi málinu í sérfræðimeðferð á miðstöð.

2. Málaskrárkerfið er flókið og úreitt en tafir hafa orðið á nýrri stafrænni lausn sem fengið hefur nafni Búi en er enn í vinnslu. Óskað hefur verið eftir að Þjónustu- og nýsköpunarsvið sem ber ábyrgð á stafrænni vegferð sviðsins hraði vinnslu Búa. Til að brúa bilið mun sérstakt námskeið í málaskrárkerfinu vera sett inn á Torgið samkvæmt ósk margra sem stýrihópurinn ræddi við.
3. Lausnarteymi eiga að vera í öllum skólum og vinna með sambærilegum hætti. Þau eru hugsuð til að grípa strax inn í til að varna því að erfiðleikar stigmagnist og finna sem fyrst viðeigandi lausnir og úrræði í málefnum barnsins. Lausnarteymi fylgir eftir ákvörðunum sem teknar eru á hverju þrepi, er sameiningar- og samræmingarafli með það að markmiði að draga úr flækjustigi mála og draga úr þörf á sérfræðipiþjónustu síðar.
4. Auka þarf talmeinafagmenntun inn í leikskólana til þess að hægt sé að hefja málörvunaræfingar og talþjálfun í kjölfar greiningar á t.d. framburðarvanda eða annars talgalla/málhelti og leiðbeina foreldrum að sama skapi með að gera æfingar samkvæmt leiðbeiningum talmeinafræðings.

3. Hvaða breytingar þarf að gera á fyrirkomulagi sálfræðipiþjónustu miðstöðva til að gera hana skilvirkari?

Greining:

- **Einfalda ferla, stytta boðleiðir.** Eftir mat og lausnarleit gangi málið hratt í gegn til að fá niðurstöðu sem hægt er að fara að vinna eftir.
- **Sálfræðingar eru ekki í nógu miklum mæli á vettvangi** þar sem þeir geta gengið inn í málefni barns á fyrstu stigum til að leiðbeina kennara, ræða við barnið og eiga allt að 3 viðtöl við foreldra, börn eða kennara.
- **Tilvísanir hafa ekki verið nægjanlega skýrar**, þ.e. um hvað er beðið og fylgigögn hafa vantað. Einnig hefur skort á að fram komi með skýrum hætti það sem á að vera búið að reyna að gera í málinu og ástæður þess að talið er að aðkoma sálfræðings á miðstöð sé nauðsynleg áfram.
- **Ósamræmi í verklagi milli miðstöðva.** Það eru mismunandi verklagsreglur eftir hverfum, sem veldur ójöfnuði í þjónustu og lengri bið. Á sumum miðstöðvum er meira álag en starfsfólk getur annað.
- **Tvöfalt skráningarkerfi hefur truflað vinnu.** Notkun bæði Málaskrár og annarra skráningartækja (s.s. excel) hefur leitt til mistaka og tímaeyðslu. Það hafa verið opnar of margar gáttir.
- **Sérfræðingar hafa ekki geta unnið mál í samfellu né heldur þverfaglega á sama tíma** sem veldur því að barn þarf að vera áfram á bið eftir frekari þjónustu.

Tillögur stýrihópsins:

1. Fjarlægja tvöfalt skráningarkerfi og tryggja að allar upplýsingar séu í Málaskrá til að bæta yfirsýn og eftirlit.
2. Samræma verklag milli miðstöðva og koma á skýrum tímamörkum fyrir vinnslu mála.





3. Vinna mál í þverfaglegum teymum eftir atvikum og að málið sé unnið í samfellu til að forðast áframhaldandi bið barns á biðlista eftir frekari þjónustu.
4. Nýta lausnar-teymi betur til að takast á við einfaldari mál. Sérfræðingar miðstöðva þurfa að eiga sæti í lausnar-teymum eða vera kallaðir til eftir atvikum eins og lagt er til gegnum BBB.
5. Tilvísanir til sérfræðinga fá ekki endanlega afgreiðslu nema með samþykki sálfræðings og talmeinafræðings eftir atvikum.

4. Meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari og hvernig hægt er að gera fagvinnuna heildstæðari.

Greining:

- **Kennarar þurfa að fá meiri þjálfun og stuðning** í að takast á við hegðunar- og námsvandamál og auka þarf talmeinafagmenntun inn í leikskólana til þess að hægt sé að byrja á æfingum og málörvun strax og búið er að greina vandann. Með því að auka fagmenntun í sértækum vandamálum barna strax í upphafi mun draga úr tilvísunum til sérfræðinga.
- **Lausnar-teymi eru misvirk.** Lausnar-teymi sinna mikilvægu hlutverki í snemmtækri íhlutun en skortir aðkomu sérfræðinga á fyrsta þjónustustigi. Talmeinafræðingar sitja sem dæmi ekki í sumum lausnar-teymum.
- **Viðvera sérfræðinga í skólum er takmörkuð.** Skólarnir kalla eftir meira samstarfi við sérfræðinga um aukna viðveru í skólunum.

Tillögur:

1. Auka viðveru sálfræðinga og talmeinafræðinga í skólum og gera samstarf þeirra við kennara skilvirkara strax á þjónustuprepi 1, ýmist gegnum mál sem berast lausnar-teymum og/eða nemendaverndarráðum.
2. Efla fræðslu og stuðning fyrir kennara. Tillaga stýrihópsins er að fjölgað verði um eitt stöðugildi talmeinafræðings í skóla- og frístundaþjónustu á hverri miðstöð. Snemmtæk íhlutun skipti sköpum í tilfellum barna sem glíma við málþroskavanda eða önnur talmein. Nauðsynlegt er að hafa talmeinafræðinga til að greina vandann strax í upphafi og leggja línur að framhaldi í öflugum samstarfi við starfsfólk á vettvangi barnanna í skólunum. Talmeinafræðingar gegna fræðsluhlutverki um málþroska og talmein, með sérstakri áherslu á snemmtæka íhlutun.
3. Samræma verklag lausnar-teyma milli hverfa og gera þau stöðugri hluta þjónustu á öllum skólastigum.





5. Hvernig fagfólk geti unnið í teyllum til að frumgreining geti tekið á öllum þáttum í einni lotu.

Greining:

- **Samhæfing og þverfagleg samvinna sérfræðinga**, sálfræðinga og talmeinafræðinga þarf að koma til strax á fyrsta þjónustuprepi. Sama gildir um lausnarneymin, þar má víða auka samræmt samstarf milli sálfræðinga, talmeinafræðinga og annarra sérfræðinga
- **Skilgreina þarf vandann strax í upphafi**, ábyrgð og verklag sem málið krefst
- **Ítarlegar skráningar í máli hjálpa** til við samræmingu og samstarf
- **Tímamörk fyrir vinnslu mála eru óljós** og tryggja þarf að þegar ákall um hjálp kemur frá barni og/eða foreldrum þarf að bregðast strax við.

Tillögur stýrihópsins:

1. Þegar mál eru komin á miðstöðvar þarf áframhaldandi þverfaglega vinnu, teymi sem vinnur málið í samfelldri lotu, frá frumgreiningu til málaloka. Í hverju teymi ættu að vera sálfræðingar, talmeinafræðingar og aðrir sérfræðingar eftir þörfum.
2. Skilgreina skýra ábyrgð og tímaramma fyrir teymisvinnu.
3. Efla samstarf við heilbrigðiskerfið, t.d. BUGL og Geðheilsumiðstöð barna, til að samræma greiningarferli og deila upplýsingum hafi barn haft viðkomu í báðum kerfum.

6. Annað sem hópurinn telur mikilvægt að ávarpa.

Greining:

- **Fræðsla (stutt fræðslunámskeið) til foreldra strax**, fræðsla er ekki val heldur forsenda frekari aðkomu.
- **Vitundarvakning meðal foreldra**. Foreldrar fá oft ekki nægar upplýsingar um einkenni vanda eða mikilvægi snemmtækra íhlutunar.
- **Snemmtæk íhlutun getur sparað tíma og kostnað**. Lausnarneymi í leik- og grunnskólum eru mikilvæg fyrir snemmtækar aðgerðir, en vantar víðtækari þátttöku.
- **Útrýma biðlistum**. Með markvissari teymisvinnu og betri nýtingu lausnarneyma má draga úr óþarfa bið.

Tillögur stýrihópsins:

1. Þjóða upp á fræðslu og námskeið fyrir foreldra um málþroska og uppeldisfærni. Gera slíkt að skilyrði fyrir frekari greiningarferli.
2. Fjölga stöðugildum sálfræðinga og talmeinafræðinga til að mæta eftirspurn.
3. Skilgreina skýrari verkferla til að tryggja að máli sé lokað samkvæmt beiðni án óþarfa tafar.





Lykilniðurstaða:

Tildrög þessa stýrihóps voru áhyggjur af hraðri fjölgun barna á biðlista eftir sérfræðingum skólaþjónustu og þá helst sálfræðingum og talmeinafræðingum. Svo virtist sem fjöldi mála hafi farið hratt í gegnum fyrstu stig og þá ekki unnið í þeim samkvæmt skipulagi Betri borgar fyrir börn.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur ávarpað biðlistavandann ítrekað í borgarstjórn á undanförunum árum. Þrátt fyrir tilurð Betri borgar fyrir börn verkefnisins sem er vel útfært og metnaðarfullt verkefni með þann tilgang að færa þjónustuna nær börnunum héldu biðlistar áfram að lengjast. Hópurinn hófst handa með því að rýna biðlistann, skoða hvort verið væri að fylgja ferlum Betri borgar fyrir börn; skoða hvort verið væri að fullnýta þau úrræði og íhlutun sem býðst á þjónustuprepi 1 og 2 innan skólanna, áður en málið fari í formlegt tilvísanaferli til sérfræðinga skólaþjónustu og skoða hvort verið væri að skrá mál með fullnægjandi og réttum hætti í málaskrá. Í ljós kom að víða var pottur brotinn nánast á öllum stigum vinnsluferla. Hafist var handa í að kalla til alla aðila sem koma að þjónustu við börn í leik- og grunnskólum Reykjavíkur og var samhljómur án undantekninga að vinnsluferlið þyrfti að skerpa og „ydda“. Styrkja þurfti hliðvörslur til að fullvíst væri að sérhvert barn nyti úrræða snemmtækra íhlutunar að fullu áður en máli barnsins væri vísað á margra mánaða biðlista til sérfræðinga (sálfræðinga og talmeinafræðinga).

Í samvinnu við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs var sent út bréf til allra ábyrgðaraðila um að hefja strax skoðun á biðlistanum, kanna sérstaklega endurmatsmál og eldri mál og einnig rýna biðlistanna með tilliti til þess hvort málum væru í raun lokið eða allt að því og biðu þess eins að vera lokuð. Í ljós hafði komið að ganga þyrfti röskar í að loka málum þar sem aðkomu samkvæmt verklagi var lokið. Ákveðið var að formleg ráðgjöf og eftirfylgni mála, í gegnum teymi árangurs og gæðamats yrði fylgt eftir með mánaðarlegum fundi sérfræðings á sviði tölfræði. Til að ljúka yfirferðinni og fá fullvissu um að biðlisti barna spegli í ríkari mæli raunverulega stöðu mála lagði stýrihópurinn til að í annarri viku í desember og til áramóta verði ferlið „fryst“ á meðan fram fari loka heildarskoðun á biðlistanum, gegnum stöðu mála hjá öllum ráðgjöfum BBB á miðstöðvum. Á þessum tíma verður lokað fyrir hreyfingu á málum milli stiga/þrepa til að starfsfólk hafi tækifæri og næði til rýna þau mál á biðlistanum sem þá standa enn út af, eru ranglega skráð eða hafa ekki fengið skoðun.

Til að gera skólaþjónustuna skilvirkari er nauðsynlegt að styrkja lausnarteymi, efla fræðslu og auka viðveru sérfræðinga í skólum þar sem þeir taka strax þátt í að vinna með málefni barna sem talið er að þurfi sérfræðiíhlutun. Fræðsla til foreldra verði fastur liður í ferlinu og mun Keðjan annast hana. Með þessu má tryggja að börn fái heildstæða þjónustu, og að mál séu leyst fyrr í ferlinu, án óþarfa tilvísana eða tafar.

Tillaga stýrihópsins er snýr að fjárframlögum er sú að auka þurfi stöðugildi talmeinafræðinga um eitt á hverri miðstöð. Hópurinn sem samanstendur af fulltrúa Flokks fólksins sem jafnframt leiddi hópinn, Framsóknarflokk og Samfylkingarinnar mun leggja fram tillöguna við seinni umræðu um fjárhagsáætlun 2025 sem verður 3. desember 2025.

Stýrihópur

Tillögur um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar

Kynning fyrir Velferðarráð 6. desember 2024

Kynnir er formaður hópsins

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins

Inngangur

- Tillögurnar eru unnar af starfshópi samkvæmt erindisbréfi dags. 19. júní 2024. Hópnum var ætlað að skila tillögum fyrir miðjan nóvember 2024.
- Tillögurnar eiga sér rætur í hópnum og í samtölum við marga fagaðila og annað starfsfólk Skólaþjónustunnar
- Starfshópin skipa; Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, formaður, Þorvaldur Daníelsson, fulltrúi Framsóknarflokksins og Ellen Calmon, fulltrúi Samfylkingar.
- Starfsmaður hópsins var Hákon Sigursteinsson verkefnastjóri farsældar barna.

Hópurinn fundaði tólf sinnum.

- Gestir fundanna voru samtals 23 aðilar víðsvegar úr kerfinu.
 - Skóla- og frístundasviði (sviðsstjóri, fagstjórar grunnskóla)
 - Velferðarsviði (sviðsstjóri, deildarstjórar barna og fjölskylda, framkvæmdastjóri barnaverndar)
 - Miðstöðvum (deildarstjóra barna- og fjölskyldna, talmeina- og sálfræðinga)
 - Keðjunni (framkvæmdastjóri og deildarstjóri)
 - BUGL (deildarstjóri faghópa og ráðgjafi)
 - Geðheilsumiðstöð barna (framkvæmdastjóri)
 - Félagi talmeinafræðinga á Íslandi (fyrrverandi formaður)

Hlutverk og helstu viðfangsefni í erindisbréfi

- Hlutverk hópsins er að leita leiða til að stytta biðtíma barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva.
 - Helstu viðfangsefni:
 1. Rýna hvað mörg börn á biðlistanum fengið aðlagaða þjónustu eða hluta af þjónustu í skóla- og frístundastarfinu eða frá miðstöð?
 2. Hvaða þjónustu er helst óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni?
 3. Hvaða breytingar þarf að gera á fyrirkomulagi sálfræðipjónustu miðstöðva til að gera hana skilvirkari?
 4. Meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari og hvernig hægt er að gera fagvinnuna heildstæðari.
 5. Hvernig fagfólk geti unnið í teyllum til að frumgreining geti tekið á öllum þáttum í einni lotu.
 6. Annað sem hópurinn telur mikilvægt að ávarpa.

Samnefnari viðmælenda

- i. Aukinn stuðning við snemmtæka íhlutun og þrepaskiptan stuðning
- ii. Fræðsla fyrir kennara um málproska, hegðun og námsörðugleika
- iii. Samræma og styrkja verklag lausnar-teyma sem er hluti af snemmtækri íhlutun
- iv. Aukin viðvera sérfræðinga í skólum og aðkoma þeirra að málum á fyrri stigum
- v. Tilvísun/beiðni um ósk frekari íhlutunar sérfræðinga kemur aðeins til ef úrræði snemmtækrar íhlutunar (lausnar-teyma) hefur ekki nægt eða borið árangur.

Helstu niðurstöður

- Auka fræðslu og þjálfun kennara í að bera kennsl á hegðunar- náms- og tilfinningavanda og mögulega talmeinvanda sem gæti verið undirliggjandi þáttur
- Samhliða aukinni fagmenntun, setja á laggirnar sérhæfða málproskahópa í leik- og grunnskólum fyrir börn með málproskavanda og önnur talmein til að hægt sé að hefja talþjálfun og -örvun undir handleiðslu talmeinafræðinga.
- Foreldrar barna með talmein þurfa sambærilega fræðslu varðandi um þjálfun og örvun.

Helstu niðurstöður

- Samræma verklag lausnar-teyma og vinnu miðstöðva
- Styrkja lausnar-teymin sem eiga að vera í öllum skólum, með fastri viðveru sérfræðinga í teyminu
- Styrkja þarf hliðvörslu í lausnar-teymum og á nemendaverndarráðsfundum til að tryggja að mál séu ekki send til meðferðar sérfræðinga (fari á biðlista á miðstöðvum) án þess að málsmeðferð og fyrirbyggjandi úrræði í skóla og frístundastarfi séu fullnýtt

Helstu niðurstöður

- Auka þarf viðveru sérfræðinga á vettvangi skólanna
- Sérfræðingar skólaþjónustu komi inn í málin strax á fyrstu stigum: aðstoð við kennara á vettvangi, viðtöl við börn og foreldra, skimanir og önnur sérfræðiaðstoð – gegnum lausnarþeymi og nemendaverndarráð

Útfærsla: Hluti sálfræðinga út í skólum, hluti á miðstöðvum að sinna greiningum

- Fjölga stöðugildum, bæði sálfræðinga og talmeinafræðinga, en brýnt er að fjölga talmeinafræðingum strax

Helstu niðurstöður og áhrif þeirra

- Samhliða aðkomu sérfræðinga á fyrstu stigum mun draga úr eftirspurn og ásókn eftir sérfræðipjónustu á seinni stigum

Beiðnum fækkar og biðlistar styttnast

- Sérfræðingar nýtast best komi þeir sem fyrst að málum barnanna þegar upp kemur vandi
- Foreldrar barna sem eru í ferli fá fræðslunámskeið í grunnatriðum uppeldistækni
- Fræðsla til foreldra verður fastur liður í ferlinu og mun Keðjan annast hana

Helstu niðurstöður

- Námskeið í málaskrá sett á Torgið á meðan beið er eftir stafrænni lausn (Búi)
- Tilvísanir útfylltar samkv. leiðbeiningum BBB þar sem fyrri úrræði eru rakin og ástæður fyrir ósk um frekari aðkomu sérfræðinga. Haka þarf í öll box
- Skýrt þarf að vera í beiðni um hvers sé óskað af sérfræðingum miðstöðvarinnar
- Fjarlægja þarf tvöfalt skráningarkerfi sem hefur truflað og hægt á vinnslu

Helstu niðurstöður

- Bæta þarf yfirsýn mála, skráningar þurfa að vera markvissar
- Fylgja þarf eftir tímamörkum fyrir vinnslu mála
- Tryggja að þegar ákall berst, til dæmis ef foreldrar óska viðtals þarf að bregðast strax við
- Tilvísanir til sérfræðinga fá ekki endanlega afgreiðslu og inngöngu á biðlistann nema að undangenginni aðkomu sérfræðinga að málinu gegnum teymi í skóla

Helstu niðurstöður

- Barn á biðlista bíður ekki lengur en 4-6 vikur eftir þjónustu miðstöðvar
- Miðstöðvar vinni mál í þverfaglegum teyllum með skilgreindan tímaramma og unnið verði í samfellu (ekki í bútum)
- Bið eftir “frekari” þjónustu verði undantekning
- Loka skal málum þegar verki samkvæmt beiðni er lokið, að undangengnum skilafundi þar sem tillögur til úrbóta og úrræða eru lagðar fram
- Efla samstarf við heilbrigðiskerfið, samræma greiningarferli, deila upplýsingum

Helstu niðurstöður

- Endurmat á greiningu vitsmunapróska (WISC) ætti að vera undantekning
- Endurmat aldrei unnið nema niðurstöður og tillögur frá fyrri aðkomu hafi verið fullreyndar með óviðunandi árangri

Tillaga Stýrihópsins nr. 1

- Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, Þorvaldur Daníelsson varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins og Ellen J. Calmon borgarfulltrúi Samfylkingar, öll aðilar í stýrihópi um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar leggjum fram eftirfarandi tillögu.
- Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fjölgað verði um eitt stöðugildi talmeinafræðings í skóla- og frístundapjónustu á hverri miðstöð. (ath. ekki staðfest Þorvaldur og Ellen verði með í þessari tillögu)
- Áætlaður heildarkostnaður er 64 milljónir á ársgrundvelli sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.
- Tillagan var samþykkt með 20 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn atkvæði borgarfulltrúa Vinstri grænna að vísa tillögunni til meðferðar stýrihóps um rýningu a biðlistum barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd. Borgarfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

- Greinargerð
- Stýrihópur hefur verið að störfum síðustu vikur og rýnt biðlista barna til sérfræðinga skólaþjónustu og aðdraganda að beiðnum til sérfræðinga sem eru sálfræðingar og talmeinafræðingar ásamt fleiri sérfræðingum. Markmið með vinnu hópsins er að gera biðlistann þannig úr garði að hann sýni raunverulega stöðuna og skoði hvernig hægt sé að gera vinnuna skilvirkari.
- Tölfræðin
- **Ein af mörgum niðurstöðum hópsins er að brýn nauðsyn sé að fjölga stöðugildum talmeinafræðinga. Á biðlista eftir talmeinafræðingum skólaþjónustunnar eru núna 493 börn. Þar af 277 á bið eftir fyrstu þjónustu og 216 á bið eftir annarri þjónustu talmeinafræðinga. Biðin felst m.a. í að 83 börn bíða eftir framburðargreiningu, 28 börn bíða eftir talþjálfun, 227 börn bíða eftir málþroskagreiningu og 33 börn bíða eftir ítarlegri málþroskagreiningu.**
- Kjarnahlutverk talmeinafræðinga
- Stýrihópurinn átti samtál við fulltrúa talmeinafræðinga og var það þeirra álit að snemmtæk íhlutun skipti sköpum í tilfellum barna sem glíma við málþroskavanda eða önnur talmein. Nauðsynlegt er að hafa talmeinafræðinga til að greina vandann strax í upphafi skólagöngunnar og leggja línur að framhaldi í öfluggu samstarfi við starfsfólk á vettvangi barnanna í skólunum. Horfa þarf í auknum mæli til málþroska barna og þeirra áhrifa sem hann getur haft fyrir barnið til framtíðar ef ekki næst að vinna með og leiðrétta talmeinið. Beina þarf sjónum að málþroska barna eins fljótt og hægt er því barn á máltökualdri er móttækilegra fyrir leiðbeiningum og mögulegri íhlutun á vettvangi.
- Oft er vangreindur málþroskavandi undirrot annarra vandamála sem þróast sökum þess að barn hefur ekki fengið aðstoð. Aðkoma talmeinafræðinga að talþjálfun og málörvun í leikskóla er mikilvæg ekki hvað síst til að veita starfsfólki, foreldrum og öðrum sérfræðingum faglega þekkingu og veita leiðbeiningar um hvernig megi hefja þjálfun strax á vettvangi barna í skólanum og á heimilum.
- Nota má í auknu mæli fyrirliggjandi skimunartæki og matslista sem bæði leikskóli og grunnskóli nýta með reglubundnum hætti. Í mörgum tilvikum skiptir aðkoma talmeinafræðings miklu máli til að greina vandann og í kjölfarið bjóða upp á ráðgjöf og leiðbeiningar til að hefja þjálfun á vettvangi með starfsfólki skólanna. Einnig er mikilvægt að veita ráðgjöf til annarra sérfræðinga og foreldra.
- Meginkjarni þessarar tillögu er að talmeinafræðingar séu á vettvangi skólanna eða sem næst vettvangi en einnig að talmeinafræðingar séu tiltækir til að greina vandann, hjálpa til við að rýna vandann og lausnir hans með foreldrum og öðrum sérfræðingum.

Tillaga stýrihópsins nr. 2

- **Tillaga um aukið fjármagn til námskeiða fyrir börn og foreldra**
- Lagt er til að borgarstjórn samþykki að auka framboð bæði lengri og styttri námskeiða fyrir foreldra. Í þessu sambandi er mikilvægt að foreldrum sé gert skylt að mæta á stutt námskeið í grunnþáttum uppeldisfræði ef barn þeirra er komið í vinnsluferli Skólapijónustu og er ábyrgðaraðili Keðjan
- Áætlaður kostnaður er 14 m. kr. sem yrði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.
- **Greinargerð**
- Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur fengið upplýsingar um að börn og foreldrar þurfi að bíða lengi eftir að komast á námskeið sem þessi enda talin afar hjálpleg og gefandi fyrir börn og foreldra. Til eru borginni að kostnaðarlausu stutt og hnitmiðuð námskeið í helstu grunnatriðum uppeldistækni Einnig lengri námskeið. Langur biðlisti er á PMTO námskeið sem reynst hafa vel. Ekki þarf sérmenntað fagfólk til að keyra öll þessi námskeið og mætti t.d. í styttri námskeiðum í uppeldistækni fá nema í félagsvísindum og sálfræði til að keyra þau. Slík námskeið ættu að vera í boði vikulega. Önnur gagnleg námskeið fyrir börnin eru t.d. Klókir krakkar. Bið er slæm fyrir börn og auðvitað alla aðra líka. Börn og aðrir viðkvæmir hópar eiga einfaldlega ekki að þurfa að bíða.
- Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar stýrihóps um rýningu á biðlistum barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd. Borgarfulltrúar Sócialistaflokks Íslands og Vinstri grænna sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Að lokum

- Tildrög hópsins var hröð fjölgun barna á biðlista frá 2018 til 2024
Grunur um að úrræði og aðkoma fyrri stiga hafi oft ekki verið fullnýtt
- Að leiðbeiningum BBB væri ekki fylgt nægjanlega vel
- Í ljós kom að víða var pottur brotinn, á mörgu þurfti að skerpa og margt að ydda, laga, bæta við og henda út
- Hafist var handa í að taka til á biðlistanum, finna gömul mál, ljúka þeim, taka út endurmatsmál og loka málum sem höfðu dagað uppi á biðlistanum
- Fjöldi mála á biðlistanum hefur í kjölfarið snarlækkað

Að lokum - framhald

- Tiltekt heldur áfram og til að ljúka yfirferðinni og fá fullvissu um að biðlistinn endurspegli í ríkari mæli raunverulega stöðu mála lagði hópurinn til að í desember verði ferlið “fryst” á meðan verið er að ljúka heildarskoðun biðlistans.

TAKK FYRIR



Reykjavík, 16. janúar 2025
MSS24030028

Velferðasvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12 – 14

Efni: Tillögur stýrihóps um rýningu biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2025 var lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundaráðs um tillögur stýrihóps um rýningu biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar ásamt skýrslu stýrihópsins, dags. 17. nóvember 2024 og kynningu á niðurstöðum stýrihópsins.

Jafnframt lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 27. desember 2024, um skýrslu stýrihóps um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar.

Skóla- og frístundaráð samþykkti erindið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka stýrihópnum fyrir vel unnin störf í yfirferð um biðlista barna eftir skólaþjónustu. Á síðustu árum og mánuðum hefur mikið breyst í málaflokknum með tilkomu farsældarlaga og Betri borgar fyrir börn. En ljóst er að hluti af þeirri umbreytingu þarf að vera skýr og öguð vinnubrögð og verklag um veitingu þjónustu og notkun biðlista. Sú úttekt og vinna sem hér hefur verið unnin er nauðsynleg og hér er bent á bæði flöskuhálsa í kerfinu og atriði sem betur mega fara til þess að starfsfólk, börn og foreldrar geti haft traust á þeim biðlistum sem í notkun eru til þess að þeir nýtist eins og þeir ættu að gera. Með innleiðingu nýrrar málaskrár og með skýrari verkferlum er vonandi að biðlistar muni gefa réttari mynd af stöðu mála í skólaþjónustu.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva þakkar fyrir kynningu á tillögum stýrihóps um rýningu biðlista barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar. Í skýrslunni kemur fram að mikil eftirspurn er eftir þjónustu og aðgerðir inn í leik- og grunnskóla eru settar fram. Áheyrnarfulltrúi bendir á mikið og faglegt starf sem fer fram í frístundastarfi frístundamiðstöðva í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Börn í 1.-4. bekk verja háu hlutfalli af sínum vökutíma á frístundaheimilum og því er mikilvægt að muna eftir að þar eru sóknarfæri. Þegar aðgerðir sem snúa að því að bæta velferð barna eru settar fram þarf að muna eftir frístundastarfinu.



Virðingarfyllt

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Umsögn skóla- og frístundasviðs, dags.27. desember 2024



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 27. desember 2024

MSS24030028

UMSÖGN

Umsögn um skýrslu stýrihóps um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar

Hlutverk stýrihópsins var að leita leiða til að stytta biðtíma barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva.

Í skipunarbréfi sagði að helstu viðfangsefni eða verkefni hópsins væru:

1. Hvað hafa mörg börn á biðlistanum fengið aðlagaða þjónustu eða hluta af þjónustu í skóla- og frístundastarfinu eða frá miðstöð?
2. Hvaða þjónustu er helst óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni?
3. Hvaða breytingar þarf að gera á fyrirkomulagi sálfræðipjónustu miðstöðva til að gera hana skilvirkari?
4. Meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari og hvernig hægt er að gera fagvinnuna heildstæðari.
5. Hvernig fagfólk geti unnið í teyllum til að frumgreining geti tekið á öllum þáttum í einni lotu.
6. Annað sem hópurinn telur mikilvægt að ávarpa.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar telur þær tillögur sem fram koma í skýrslunni góðar og mikilvægar ásamt þeim leiðum sem álitnar eru ákjósanlegastar.

Eins og fram kemur í skýrslunni er starfsfólk í skóla- og frístundastarfi að innleiða nýja verkferla í verkefninu Betri borg fyrir börn. Verkefni sem hófst þegar lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 tóku gildi í janúar 2022. Lög sem oft eru nefnd farsældarlögin til einföldunar. Með lögunum er lögð sú skylda á starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs að það vinni saman að farsæld barna. Þannig hefur starfsfólk með lögunum fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við með tilteknum hætti ef vísbendingar koma upp um að þörfum barna sé ekki mætt. Markmið Betri borgar fyrir börn fellur vel að markmiðum laga um farsæld og því ekki ástæða til annars en að innleiða samþætta þjónustu undir þeim formerkjum.

Betri borg fyrir börn miðar að því að bæta þjónustu í skóla- og frístundastarfi við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Með því er leitast við að færa þjónustu í auknum mæli í



Reykjavík



skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst og þetta samstarf milli starfsfólks velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Verkefnið felur m.a. í sér innleiðingu á lausnateymum eins og lagt er til í skýrslunni að þurfi að efla. Núna er ljóst að eigi aðgengi lausnateyma að sérfræðingum miðstöðva í hverfum að verða betra þarf að fjölga verulega í þeirra hópi eins og lagt er til í skýrslunni.

Það er margt gott í skýrslunni en það hefði styrkt hana að vera með samráð við starfsvettvang frístundastarfs. Það skiptir ekki minna máli að horfa á dag barnsins eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur þegar verið er að horfa til áherslna í snemmtækri íhlutun fyrir börn. Eins hefði styrkt skýrsluna að fá inn þekkingu Miðju máls og læsis sem er þekkingarteymi á vegum Borgarinnar sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, íslensku sem annað mál, fjöltyngi og fjölmenningu. Teymið hefur komið kröftuglega inn með margskonar fræðslu fyrir starfsfólk skóla- og frístundastarfs. Þegar tillögum verður hrint í framkvæmd þarf að tryggja gott samstarf alls stuðningskerfis borgarinnar.





Reykjavík, 17. mars 2025

MSS24030028

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð og skóla- og frístundaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Skýrsla stýrihóps um biðlista

Forsaga

Þann 19. júní 2024 var samþykkt í velferðarráði breytingartillaga við tillögu Flokks fólksins, sem hafði verið lögð fram í borgarstjórn og vísað til velferðarráðs, um að setja á laggirnar stýrihóp til að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu. Breytingartillagan sem samþykkt var í velferðarráði var svohljóðandi:

Velferðarráð samþykkir að stofna stýrihóp sem fengi m.a. þau verkefni að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu, í nánú samstarfi við starfsfólk, til að meta hvort framsetning listans og skráning erinda/tilvísana sé með þeim hætti að hann gefi raunsanna mynd af stöðu mála. Í því felst að skoða hvað mörg börn á biðlistanum hafa fengið þjónustu eða hluta af þjónustu. Einnig hvaða þjónustu var óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni og meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari. Markmið hópsins er að stytta biðtíma barna eftir þjónustu. Stýrihópurinn leggi fram tillögur til úrbóta haustið 2024. Sviðsstjóra er falið að tilnefna starfsmann stýrihópsins og útbúa skipunarbréf sem lagt verði fram á fyrsta fundi. Eftirtaldir fulltrúar í velferðarráði sitja í stýrihópnum: Þorvaldur Daníelsson, Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir og Ellen Calmon.

Starfsmaður hópsins var skipaður Hákon Sigursteinsson, verkefnastjóri farsældar.

Þann 6. desember 2024 var skýrsla stýrihópsins kynnt í velferðarráði. Stýrihópurinn lagði til fjölmargar aðgerðir til að sporna við bið eftir þjónustu, þ.á.m. tillögur sem heyra undir ábyrgðarsvið skóla- og frístundasviðs. Þjónusta við börn og fjölskyldur er veitt á miðstöðvum Reykjavíkurborgar undir merkjum Betri borgar fyrir börn (BBB) og bera bæði velferðarsvið (VEL) og skóla- og frístundasvið (SFS) ábyrgð á mismunandi þáttum þjónustunnar (sálfræðingar heyra t.d. undir velferðarsvið en talmeinafræðingar og hegðunarráðgjafar undir SFS). Sökum þess að margar tillagnanna í skýrslu stýrihópsins vörðuðu þjónustu sem innt er af hendi undir formerkjum BBB á miðstöðvum var ákveðið að óska eftir umsögn skóla- og frístundaráðs áður en afstaða væri tekin til afgreiðslu skýrslunnar. Skóla- og frístundaráð veitti umsögn um skýrsluna á fundi sínum 16. janúar sl. og tók fram að þær tillögur sem kæmu fram í skýrslunni væru góðar og mikilvægar og að þær leiðir sem væru lagðar til væru ákjósanlegar. Talið var að styrkur hefði þó verið



Reykjavík



af því ef meira samráð hefði verið haft við starfsvettvang frístundastarfs sem og ef fengin hefði verið inn í hópinn þekking fá Miðju máls og læsis, sem er þekkingarteymi á vegum borgarinnar sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi málþroska, læsi, íslensku sem annað mál, fjölyngi og fjölmenningu.

Skýrslan hefur ekki enn verið afgreidd í velferðarráði en samhliða málsmeðferð skýrslunnar í velferðarráði gerðist það á fundi borgarstjórnar þann 4. mars sl., að lögð var fram aðgerðaáætlun nýs meirihluta, þar sem samþykkt var svohljóðandi tillaga, nr. 12 í áætluninni:

Tillaga um skólaþjónustu

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.

Greinargerð

Byggt er á skýrslu stýrihóps um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðiþjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar. Markmiðið er að stytta biðlista barna eftir skólaþjónustu og bregðast við sem fyrst með stuðningi við börn og foreldra.

Í ofangreindri tillögu er skóla- og frístundaráði falið að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu og vísað til áður nefndrar skýrslu stýrihópsins til grundvallar. Sökum þess að nefnd tillaga er ein af þeim tillögum sem stýrihópurinn lagði fram í áður nefndri skýrslu og krefst aðkomu bæði velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, er lagt til að stofnaður verði sameiginlegur starfshópur beggja sviða sem mun hafa það verkefni að afgreiða tillöguna, sem og að kostnaðarmeta aðrar þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihópsins, meta áhrif þeirra og gera grein fyrir niðurstöðum í báðum ráðum. Hópurinn skili niðurstöðum fyrir 15. júní 2025.

Í starfshópnum eigi sæti af hálfu velferðarsviðs, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar, sem fer með málefni barna og fjölskyldna, framkvæmdastjóri einnar miðstöðvar, deildarstjóri í deild barna og fjölskyldna á einni miðstöð. Af hálfu skóla- og frístundasviðs í starfshópnum eigi sæti skrifstofustjóri miðlægrar skrifstofu, einn fagstjóri leikskóla, einn fagstjóri grunnskóla og einn framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar á miðstöðvum borgarinnar sem og fulltrúi frá miðju máls og læsis. Auk þess verði í hópnum verkefnisstjóri farsældar.

